

Ed.

283. Breytingartillögur

[70. mál]

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. bætist:
Skrifstofu- og ferðakostnaður greiðist að hálfu af hvorum þessara aðila.
2. Við 14. gr.
 - a. Í stað „Kr. 16.00“ í 1. tölul. kemur: Kr. 20.00.
 - b. Í stað „kr. 1330.00“ í 2. tölul. kemur: kr. 1500.00.
3. Við 19. gr. Í stað „kr. 300.00“ í síðari mgr. kemur: kr. 1330.00.
4. Við 20 gr. Í stað „kr. 53.00“ í fyrri mgr. kemur: kr. 100.00.
5. Við 27. gr. Í stað „kr. 53.00“ í 2. mgr. komi: kr. 75.00.
6. Við 48. gr. Við greinina bætist ný mgr.:
Heimilt er að veita hrossaræktarfélagum eða einstökum bændum fjárframlag til stofnræktunar hrossa, ef ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og stjórnir hrossaræktarsambanda og búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með. Árlegt framlag í þessu skyni má vera kr. 300.00 á hverja skýrslufærða hryssu, enda hliti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.
7. Við 54. gr.
 - a. Í stað „helming“ í 2. tölul. kemur: 65%.
 - b. Í stað „kr. 25.00“ í sama tölul. kemur: 50.00 og í stað kr. „2.50“ kemur: kr. 5.00.